



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 4/2025

## **Auglýsingar Skýjaborga á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum**

### **I.**

#### **Málsmeðferð**

##### **1.**

Í kjölfar úttektar Neytendastofu á auglýsingum verslana með nikótínvörur og rafrettur sendi stofnunin bréf, dags. 2. október 2024, til Skýjaborga ehf., rekstraraðila verslunarinnar Skýjaborgir að Suðurlandsbraut 4 og Höfðabakka 3, og vefsíðunnar skyjaborgir.is. Greindi stofnunin frá athugasemdum sem hún gerði við markaðsefni félagsins.

Gerði stofnunin grein fyrir ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018, um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, ásamt ákvæðum laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Tók stofnunin m.a. fram að fyrirtækjum sé óheimilt að sýna neyslu eða hvers konar meðferð á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum í auglýsingum sínum. Þá sé söluaðilum jafnframt óheimilt að auglýsa vörumerki framleiðanda slíkra vara, ásamt auglýsingum ákveðinna vara, í því skyni að auka sölu á þeim. Seljendum sé þ.a.l. óheimilt að birta auglýsingar á einstaka vörumerkjum og ákveðnum vörum á samfélagsmiðlum sínum, óháð birtingarmynd viðkomandi auglýsingar, séu þær birtar til að auka sölu slíkra vara. Þótti stofnuninni rétt að benda félaginu á að felji auglýsingar í sér vöru án nikótíns hjá verslunum sem selji að langstærstum hluta nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir þær, leggi stofnunin mat á það hversu augljóst það sé m.v. uppsetningu viðkomandi auglýsingar, almennt vöruúrval félagsins og hvort umbúðir séu sambærilegar vörum með nikótíni.

Utan á verslun félagsins á Suðurlandsbraut 4 mætti finna beinar tilvísanir til nikótínvara, rafretta og áfyllinga fyrir þær, en heiti verslunarinnar væri umkringgt orðunum „VAPE SHOP“, VAPE“ og „SNUS“. Taldi stofnunin að 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018 kæmi til athugunar við mat á því hvort um auglýsingu á nikótínvörum væri að ræða.

Þá benti stofnunin á að á samfélagsmiðlum félagsins, með áherslu á Facebook og Instagram, megi finna myndir sem sýni nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar með beinum hætti ásamt því



að sýna notkun á slíkum vörum. Stofnunin telji það koma til skoðunar hvort færslurnar feli í sér brot gegn 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018.

Vísaði stofnunin einnig til þess að til greina kæmi að meta hvort lýsingar á ýmsum vörum á vefsíðu félagsins, skyjaborgir.is, hafi gengið lengra en hlutlaus lýsing á einkennum og bragði varanna með notkun jákvætt hlaðinna lýsingarorða, oft í formi langra lýsinga á bragðupplifun neytandans. Taldi stofnunin að 1. mgr. 11. gr. laganna kæmi jafnframt til skoðunar við mat á því hvort lýsingarnar kynnu að fela í sér brot.

Í bréfinu kom einnig fram að stofnunin teldi ákvæði 1. mgr. 13. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005 koma til álita í málinu.

Óskaði stofnunin eftir skýringum eða athugasemdum félagsins við erindið.

## 2.

Í tölvubréfi félagsins, dags. 24. október 2024, kom fram að Skýjaborgir hefðu þegar eytt öllu gömlu af félsbókarsíðunni í ljósi nýs regluverks. Instagram síða verslunarinnar hafi gleymst en eigi nú að vera komin í lag. Hvað varði merkingar utan á versluninni þá heiti verslunin Skýjaborgir Vape Shop og því sé ekki verið að auglýsa vörur þar heldur auglýsa vörumerki félagsins. Félagið velti því upp hvers vegna nafn búðarinnar megi ekki vera framan á versluninni. Inn í versluninni sé að finna merkingarnar „Vape“ og „Snus“ og filmur séu fyrir en það fyrirkomulag hafi verið samþykkt af Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Þá sé því velt upp hvort félaginu væri heimilt að hafa risa myndir af nikótínlausum vörum utan á versluninni.

## 3.

Í tölvubréfi Neytendastofu til Skýjaborga, dags. 31. október 2024, áréttaði stofnunin að hvers konar auglýsingar á nikótínvörum, rafrettum eða áfyllingum væru bannaðar. Aukinheldur væri óheimilt að auglýsa vörumerki framleiðanda slíkra vara ásamt auglýsingu ákveðinna vara í því skyni að auka sölu þeirra. Söluaðilum væri þ.a.l. óheimilt að birta auglýsingar á einstaka vörumerkjum og ákveðnum vörum á samfélagsmiðlum sínum. Varðandi fyrirspurn félagsins um merkingu utan á versluninni, með nafni verslunarinnar, Skýjaborgir Vape Shop, þá hefði Neytendastofa í fyrri ákvörðunum sínum talið að auglýsingabannið nái jafnframt til kynninga sem eru utan á verslunum sem selji vörur af þessu tagi enda sé skilgreining laganna á hugtakinu „auglýsing“ rúm, sbr. 1. tölul. 3. gr. laganna. Framangreint hafi náð til hugtaka eins og „vape“, „disposable vapes“, „vape shop“ o.s.frv., enda um að ræða beinar tilvísanir til nikótínvara, rafretta og áfyllingar. Þar með brjóti það gegn auglýsingabanni 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018. Í þessu sambandi benti stofnunin á ákvarðanir Neytendastofu nr. 15/2024, 16/2024, 17/2027, 18/2024, 19/2024 og 20/2024.

Þess skyldi þó geta að í þessum ákvörðunum hefði heiti verslunarinnar ekki komið til álita og því liggi ekki fyrir fordæmi um slíkt enn sem komið er. Mikilvægt væri því að fá athugasemdir og skýringar félagsins. Að því er varði fyrirspurn félagsins um myndir utan á verslun með



nikótínlausum vörum þá sé slíkt heimilt sé skýrt að um nikótínlausa vöru að ræða. Leiki hins vegar vafi á því hvort um nikótínlausa vöru eða vöru með nikótíni sé að ræða hafi það verið metið sem svo vara innihaldi nikótín. Um þetta hafi verið fjallað í ákvörðun nr. 25/2023.

Stofnunin hefði orðið þess vör að búið væri að fjarlægja myndir af vörum af samfélagsmiðlum en eftir stæðu, sem áður, tvær myndir af Facebook síðu verslunarinnar þar sem neysla nikótínvara væri sýnd. Þá kæmi einnig til álita hvort notkun á heitinu „Vape Shop“ í færslum á samfélagsmiðlum feli í sér auglýsingu á rafrettum, sbr. framangreinda umfjöllun.

#### 4.

Í tölvubréfi frá Skýjaborgum til Neytendastofu, dags. 31. október 2024, kom fram að búið væri að fjarlægja myndir af Facebook síðu verslunarinnar og verið væri að vinna í því að laga framhliðina utan á versluninni. Var óskað eftir leiðbeiningum um hvernig félagið gæti látið reyna á lögmæti þess að hafa nafn verslunarinnar „Skýjaborgir Vape Shop“ framan á versluninni. Þá var enn fremur óskað eftir staðfestingu á því að ef sett yrði mynd af Snus dós og „Vape“ framan á verslun og það stæði á vörunum nikótínlaust, að slíkt væri löglegt.

#### 5.

Í tölvubréfi Neytendastofu, dags. 5. nóvember 2024, benti stofnunin á að myndir utan á verslun af nikótínlausum vörum hafi verið taldar heimilar sé augljóst að um nikótínlausa vöru sé að ræða. Slíkt þyrfti að koma skýrt fram á myndunum og með þannig hætti að það færi ekki framhjá neinum að um nikótínlausa vöru væri að ræða. Þannig gæti t.a.m. stærð leturs skipt máli. Áréttaði stofnunin að ef vafi léki á um hvort vara á mynd sé nikótínlaus eða ekki hefði verið metið sem svo að um sé að ræða birtingu myndar af nikótínvöru og þar með kynni að vera um óheimila auglýsingu að ræða. Að lokum voru leiðbeiningar í tölvubréfinu um málsmeðferð stofnunarinnar.

#### 6.

Í tölvubréfi Skýjaborga dags. 5. nóvember 2024, óskaði félagið eftir nánari skýringum, s.s. hvort nægilegt væri að senda myndir til staðfestingar á lögmæti þeirra og hvort nægjanlegt væri að setja orðið „nikótínlaust“ fyrir ofan Vape og Snus skiltið svo það teldist heimilt?

#### 7.

Í tölvubréfi Neytendastofu, dags. 13. nóvember 2024, voru félaginu veittar ítarlegri leiðbeiningar um málsmeðferð stofnunarinnar og þau skilyrði sem fram hafa komið í fyrri ákvörðunum Neytendastofu um markaðssetningu á nikótínlausum púðum.

Skýjaborgir sendi í kjölfarið tölvupóst, dags. 14. nóvember 2024, þar sem óskað var eftir upplýsingum um hvort nægjanlegt væri að senda bara mynd og ef fyrirtækið vildi hafa „Vape shop“ merkingarnar, að hafa þær á þar til stofnunin hefði tekið ákvörðun um hvort það væri löglegt.



Neytendastofa svaraði fyrirspurn félagsins samdægurs um að félagið gæti haft þann háttinn á. Ef Skýjaborgir ætli hins vegar að koma að skýringum eða athugasemdum, þ.e. rök þess fyrir því að Skýjaborgir Vape shop, brjóti ekki gegn auglýsingabanni, þá þyrftu þær að berast stofnuninni innan sjö daga.

## 8.

Þann 19. nóvember 2024, barst stofnuninni tölvupóstur frá Skýjaborgum þar sem var að finna mynd af breytingu utan á verslun. Þá kom fram að athugasemdir félagsins væru þær að um væri að ræða nafnið á versluninni.

Með tölvubréfi Neytendastofu, dags. 20. nóvember 2024, kom fram af hálfu stofnunarinnar að umrædd breyting væri í samræmi við það sem fram hefði komið í fyrri póstum. Óskað var eftir staðfestingu á því að myndin væri af versluninn á Suðurlandsbraut auk þess sem óskað var eftir upplýsingum um hvernig merkingum væri háttað á verslunum staðsettum á Höfðabakka og Hafnargötu.

Í svari félagsins sem kom samdægurs var tiltekið að engar merkingar væru á Höfðabakka að undanskildu nafni verslunarinnar, Skýjaborgir Vape shop. Þá væri verið að loka versluninni á Hafnargötu, Keflavík.

Neytendastofa upplýsti félagið, með tölvubréfi dags. 20. nóvember, að stofnunin teldi gagnaöflun málsins lokið og að málið yrði tekið til ákvörðunar.

## 9.

Með bréfi stofnunarinnar, dags. 17. desember 2024, upplýsti stofnunin fyrirtækið um að við nýja yfirferð Neytendastofu á vefsíðu félagsins, skyjaborgir.is, teldi stofnunin nú einnig koma til greina að meta hvort sérstakar kynningar á vefsíðu þess gangi lengra en nauðsyn krefji, til að kynna vörúrval þess. Það kæmi því til álita hvort jákvætt hlaðin lýsingarorð um ágæti vörunnar teldist auglýsing sem færi í bága við ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018.

Með tölvubréfi, dags. 18. desember 2025, vísaði Skýjaborgir til ákvæðis 11. gr. laganna og benti á að ákvæðið fjalli um auglýsingar og kynningar á vörunni á vefsvæði flokkist ekki sem auglýsing, sérstaklega ekki þegar um lokaða vefsíðu sé að ræða. Þegar viðskipavinur komi í verslunina og spyrji út í bragð vöru þá sé notast við þau lýsingarorð og þann orðaforða sem lýsi best bragðinu. Það sé ekki hægt að lýsa vöru með neikvæðum lýsingarorðum sem eigi að selja, eingöngu jákvæðum. Félagið telji stofnunina ganga lengra en tilefni gefi til.



## II. Niðurstaða

### 1.

Mál þetta lýtur að mögulegum auglýsingum á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir rafrettur hjá verslunum í eigu Skýjaborga ehf. Er nánar tiltekið um að ræða auglýsingar á samfélagsmiðlum félagsins, vefsíðunni skyjaborgir.is og utan á verslunum þess á Suðurlandsbraut og Höfðabakka. Taldi stofnunin að ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018, um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, kæmi til skoðunar við mat á því hvort að háttsemi félagsins hafi falið í sér brot gegn auglýsingabanni á slíkum vörum, ásamt 1. mgr. 13. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Við meðferð málsins gerðu Skýjaborgir ýmsar breytingar, þ. á m. að fjarlægja myndir af vörum af samfélagsmiðlum, fjarlægja merkingarnar Vape og Snus utan á verslunum. Því til viðbótar hélt félagið því fram að birting á nafni verslunarinnar, Skýjaborgir Vape Shop utan á verslun þess og myndir af samfélagsmiðlum væri ekki brot á auglýsingabanninu þar sem um væri að ræða nafn verslunarinnar en ekki eiginlega auglýsingu. Fyrirtækið tiltók enn fremur að kynningar á vörum á vefsvæði þess væri ekki auglýsing en um væri að ræða lokaða vefsíðu. Hvað varði athugasemdir stofnunarinnar um jákvætt hlaðin lýsingarorð þá væri ótækt að lýsa vöru sem ætti að selja með neikvæðum lýsingarorðum og að fyrirtækið teldi stofnunina vera ganga lengra en tilefni gæfi til.

### 2.

Í lögum nr. 87/2018 er að finna ákvæði sem fjalla um heimildir fyrirtækja til að auglýsa nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir þær. Í 1. mgr. 11. gr. laganna er sérstaklega fjallað um bann við hvers konar auglýsingum á nikótínvörum. Er ákvæðið svohljóðandi:

*„Hvers konar auglýsingar á nikótínvörum, rafrettum eða áfyllingum fyrir þær eru bannaðar. Þá er bannað að sýna neyslu eða hvers konar meðferð nikótínvara, rafrettna eða áfyllinga í auglýsingum. Neytendastofa fer með eftirlit með banni við auglýsingum á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir þær. Um málsmeðferð Neytendastofu, úrræði og viðurlög vegna brota gegn grein þessari og um kærurétt til áfrýjunarnefndar neytendamála fer samkvæmt ákvæðum laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.“*

Eins og orðalag ákvæðisins gefur til kynna er fyrirtækjum gert óheimilt að birta hvers kyns auglýsingar á nikótínvörum. Þá er jafnframt að finna bann við að sýna neyslu eða hvers konar meðferð nikótínvara í auglýsingum.

Í 1. tölul. 3. gr. laganna er að finna skilgreiningu á hugtakinu „auglýsing“ í skilningi laganna. Er skilgreiningin svohljóðandi:



*„Þegar vöru eða vörumerki er komið á framfæri við almenning í því skyni að auka sölu vörunnar, m.a. með vörukynningum á hvaða formi sem er, útstillingum í verslunum eða annars staðar, umfjöllun í fjölmiðlum, vefmiðlum eða samfélagsmiðlum eða dreifingu vörusýna til neytenda.*

Skilgreining hugtaksins er rúm og nær þ.a.l. yfir flestar þær auglýsingar sem birtast á hinum ýmsu miðlum.

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Lögin fela fyrst og fremst í sér vernd fjárhagslegra hagsmuna neytenda en einnig vernd fyrirtækja gegn óréttmætum viðskiptaháttum keppinauta vegna auglýsinga eða annarra svipaðra viðskiptaaðferða.

Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005 segir:

*„Óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.“*

Ákvæði 1. mgr. 13. gr. er matskennt og samkvæmt umfjöllun um ákvæðið í greinargerð með frumvarpi til laganna er það háð mati Neytendastofu eða dómstóla hverju sinni að meta hvort viðskiptahættir samræmist góðum viðskiptaháttum á hverjum tíma. Við það mat hefur stofnunin m.a. litið til sjónarmiða annarra laga sem eiga við um starfsemina, þar sem það á við.

### 3.

Í fyrsta lagi kemur til álita hvort merkingar framan á verslunum Skýjaborgar á Suðurlandsbraut og Höfðabakka hafi falið í sér brot gegn auglýsingabanni 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018. Er það mat stofnunarinnar að auglýsingabannið nái til kynninga sem eru utan á verslunum sem selja vörur af þessu tagi, enda er skilgreining laganna á hugtakinu „auglýsing“ rúm, sbr. 1. tölul. 3. gr. laganna. Eins og áður hefur komið fram mátti finna hugtökin „VAPE SHOP“, „Vape“ og „Snus“ á ensku framan á umræddum verslunum Skýjaborgar. Er ljóst að um er að ræða beina tilvísun til nikótínvara, rafretta og áfyllinga fyrir rafrettur. Undir rekstri málsins fjarlægði fyrirtækið merkingar með hugtökunum „Vape“ og „Snus“. Eftir stendur að verslanirnar eru merktar Skýjaborgir Vape Shop, en líkt og fram hefur komið telur félagið sig ekki hafa brotið gegn auglýsingabanni 1. mgr. 11. gr. þar sem um sé að ræða nafn verslunarinnar en ekki auglýsingu. Neytendastofa bendir á að nafn fyrirtækis, hvort sem slíkt er tilkomið út frá venju eða skráningu hjá þar til bæru yfirvaldi kemur ekki í veg fyrir að





Neytendastofa geti talið birtingu þess í markaðsefni brjóta gegn ákvæðum þeirra laga sem stofnunin hefur eftirlit með. Hugtakið „Vape Shop“ felur beinlínis í sér tilvísun til vöruúrvals félagsins þar sem stór hluti af vöruúrvali eru rafrettur og er það mat stofnunarinnar að með birtingu hugtaksins samhliða nafni verslunarinnar sé félagið að auglýsa rafrettur með beinum hætti til að auka sölu þeirra, þvert á bannákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018. Þá má á það benda að ákvæði 1. mgr. 11. gr. næði tæplega markmiði sínu ef fyrirtæki gætu kynnt viðkomandi vörur sem hluta af heiti fyrirtækisins. Hefur félagið með því að birta framangreint hugtak utan á verslun sinni því brotið gegn auglýsingabanni 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018.

Hvað varðar færslur félagsins á samfélagsmiðlum var um að ræða myndbirtingar sem sýndu með beinum hætti nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar, eða þar sem þær voru sýndar óbeint, t.a.m. í bakgrunni auglýsingarinnar. Á meðan á málsmeðferð stóð fjarlægði félagið allar auglýsingafærslur af samfélagsmiðlum sínum, að undanskildum myndum sem sýna nafn verslunarinnar og hugtökin „Vape Shop“ sem áður hefur verið fjallað um í ákvörðun þessari. Eins og áður hefur komið fram telur stofnunin að birting hugtaka þessara framan á versluninum samhliða nafni verslunarinnar feli í sér brot gegn ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018. Eðli máls samkvæmt felur birting félagsins á myndum af hugtakanotkuninni á samfélagsmiðlum sínum jafnframt í sér brot gegn bannákvæði 1. mgr. 11. gr. laganna, enda er félagið með birtingunni að auglýsa og koma vörum sínum á framfæri við almenning til að auka sölu þeirra.

Varðandi lýsingar á vörum félagsins á vefsíðunni skyjaborgir.is verður að mati stofnunarinnar almennt að setja takmörk fyrir því hvað fyrirtæki geta birt í lýsingum við þær vörur sem bannað er að auglýsa á grundvelli laga nr. 87/2018. Kemur ákvæði 1. mgr. 11. gr. ekki í veg fyrir að fyrirtæki birti hlutlausar upplýsingar um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir þær á vefverslun sinni sem skylt er að veita á grundvelli annarra laga. Þannig er t.a.m. skylda á seljendum að birta upplýsingar um helstu eiginleika vöru eða þjónustu, sbr. t.d. a. liður 1. mgr. 5. gr. laga nr. 16/2016, um neytendasamninga. Sé hins vegar gengið lengra við gerð slíkra lýsinga með gildishlöðnum lýsingarorðum um vöruna eða eiginleika hennar kunna þær að fela í sér auglýsingu í skilningi 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018. Undir rekstri málsins héldu Skýjaborgir því fram að auglýsingar á vefsvæðum flokkist ekki til auglýsinga, sérstaklega ekki þegar um lokaða vefsíðu er að ræða. Að mati stofnunarinnar falla vefverslanir seljenda ekki utan gildissviðs bannákvæðis 1. mgr. 11. gr. óháð því hvernig aðgengi að versluninum er, þrátt fyrir að önnur sjónarmið kunni að gilda um birtingu á efni á slíkum síðum. Þá bendir Neytendastofa á að ekki eru gerðar kröfur af hálfu stofnunarinnar um notkun neikvæðra lýsingarorða, heldur að lýsingar á vörum séu hlutlausar. Dæmi um lýsingar sem Skýjaborgir birtir um vörur sínar á vefsíðunni eru eftirfarandi: „*Fresh-baked strawberry doughnut, crispy fruit cereal, with a splash of cold milk. You'll make it The One for you, from morning to midnight!*“, „*A delightful blend of oven fresh donuts topped with crunchy sweet cereal and juicy blueberries, drenched in smooth refreshingly creamy ice-cold milk for a fruity milky pastry vape*“, „*The One Apple Cinnamon is a cereal mixture of apple and cinnamon sure to satisfy your autumn cravings. It has the delicious, melt in your mouth flavor of a fresh apple*



*cinnamon doughnut dipped in creamy, sweet milk. Let this blend become your ONE Fall day vape“*, „*A blend of sweet, zesty lemon pound cake, buttery crumble topping and creamy icing, this Lemon Crumble Cake is The One you don't want to miss!*“. Þá er að finna fjölda annarra sambærilegra lýsinga á vörum á vefsíðu félagsins þar sem notuð eru lýsingar á borð við „*svalandi*“, „*frískandi*“, „*ferskir*“ o.s.frv Framangreindar lýsingar eru gildishlaðnar og ganga lengra en hlutlaus og einföld kynning á eiginleikum vöru og/eða vörumerkis og því til þess fallnar að ýta undir að neytendur versli umrædda vöru. Á þeim grundvelli telur stofnunin að á vefsíðu félagsins, skyjaborgir.is, sé ítrekað brotið gegn bannákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018 í lýsingum fyrir nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir þær.

Með hliðsjón af framsetningu allra framangreindra auglýsinga telur stofnunin jafnframt að félagið sé með birtingu þeirra að viðhafa viðskiptahætti sem eru óhæfilegir gagnvart neytendum, enda um að ræða auglýsingar á vörum sem eru ávanabindandi, hafa áhrif á heilsu notenda og er þar að auki bannað að auglýsa lögum samkvæmt. Hefur félagið því með áðurgreindum viðskiptaháttum jafnframt brotið gegn 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005.

Telur Neytendastofa rétt, með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005 sbr. 3. másl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018, að banna Skýjaborgum ehf. að viðhafa framangreinda viðskiptahætti. Bannið tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar. Félaginu er veittur frestur í fjórar vikur frá dagsetningu ákvörðunarinnar til að fjarlægja markaðsefni sem ákvörðun þessi lýtur að.

Samkvæmt a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum laganna, og reglum settum samkvæmt þeim um bann við óréttmætum viðskiptaháttum, sbr. II.-VIII. kafla laganna. Með vísan til alls þess sem fram hefur komið og eðli þeirra auglýsinga sem um ræðir telur Neytendastofa rétt að leggja á sekt í samræmi við heimildir laganna.

Með vísan til framangreindra sjónarmiða telur Neytendastofa brot Skýjaborga ehf. alvarlegt auk þess að stríða gegn góðum viðskiptaháttum sem varða ávanabindandi vörur og kunna að hafa áhrif á heilsu notenda. Að teknu tilliti til þessa, umfangs brotsins og jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnsýslulaga telur Neytendastofa hæfilegt að leggja á Skýjaborgir ehf. stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 200.000,- (tvö hundruð þúsund krónur).

### III.

#### Ákvörðunarorð:

**„Skýjaborgir ehf., Kambavaði 1, 110 Reykjavík, hefur með því að auglýsa rafrettur á samfélagsmiðlum sínum brotið gegn ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018, um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, og 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.**





**Skýjaborgir ehf. hefur með því að birta auglýsingar á rafrettum utan á verslunum sínum að Suðurlandsbraut og Höfðabakka brotið gegn ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018, um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, og 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.**

**Skýjaborgir ehf. hefur með því að birta gildishlaðnar lýsingar með nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir rafrettur á vefsíðunni skyjaborgir.is brotið gegn ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018 og 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005.**

**Með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sbr. 3. málsl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018, um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, bannar Neytendastofa Skýjaborgum ehf. að viðhafa framangreinda viðskiptahætti. Bannið tekur gildi frá dagsetningu ákvörðunar þessarar og skal félagið innan fjögurra vikna fjarlægja markaðsefni sem ákvörðun þessi lýtur að.**

**Með heimild í a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Skýjaborgum ehf. gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 200.000 kr. (tvö hundruð þúsund krónur) vegna brotsins. Sektina skal greiða í ríkissjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar.“**

Neytendastofa, 24. febrúar 2025

Þórunn Anna Árnadóttir  
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir